

Kirkjuorgel

Fá hljóðfæri eiga sér lengri sögu en orgelið og nær forsaga þess langt aftur fyrir Krists burð. Upphaflega voru hljóðfærin lítil og meðfærileg, notuð við ýmsar aðstæður. Á síðari öldum varð þróunin í þá átt að orgelin stækkuðu og tengdust kirkju og trúarlegri tónlist sterkum böndum. Engu að síður hefur töluvert verið samið af veraldlegri tónlist fyrir orgel, þ.m.t. einleiksverk, konsertar og kammertónlist.



Elsta pípuorgel, sem varðveist hefur á Íslandi, var sett upp í Dómkirkjunni í Reykjavík árið 1840 en á fyrri öldum er nokkrum sinnum getið um hljóðfæri af slíku tagi hér á landi. Harmóníum, fótstigin heimilishljóðfæri, tóku að berast til landsins á ofanverðri 19. öld og nutu mikilla vinsælda langt fram á 20. öld. Á liðnum áratugum hefur pípuorgelum, bæði íslenskum og erlendum af ýmsum stærðum og gerðum, fjölgað mjög hér á landi.

Orgel eru afar mismunandi að stærð, gerð og raddskipan. Lítil hljóðfæri geta nýst vel til náms en stærra hljóðfæri gefa augljóslega meiri túlkunarmöguleika. Mikilvægt er að organisti þekki byggingu orgelsins vel og geti nýtt fjölbreytta möguleika þess.

Til að stunda nám í orgelleik samkvæmt þessari námskrá þarf nemandi að hafa aðgang að orgeli með tveimur hljómborðum og fótspili. Æskilegt er að hljóðfærið hafi svellverk. Frá og með upphafi framhaldsnáms er nauðsynlegt að nemandi hafi aðgang að hljóðfæri með svellverki. Til æfinga getur nemandi notað tveggja hljómborða rafmagnshljóðfæri svo fremi að það hafi tveggja og hálfra áttundar fótspil. Hvorki er gert ráð fyrir að hægt sé að nota smærri rafmagnshljóðfæri né harmóníum til námsins.

Tveimur skilyrðum þarf að fullnægja til að nám í orgelleik geti hafist. Í fyrsta lagi þarf nemandi að hafa náð nægilegum líkamsþroska til að geta leikið á fótspilið. Í öðru lagi þarf nemandi vera kominn áleiðis í miðnámi í píanóleik. Þá er mælt með áframhaldandi námi í píanóleik samhliða orgelnáminu. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur stundi grunnnám í orgelleik.

(Aðalnámskrá tónlistarskóla)